

# Virknihús verður til

*Þóra Kemp, félagsráðgjafi MA, teymisstjóri Virknihúss*

Upphafid að Virknihúsi má rekja til þess að skipaður var starfshópur sem samanstóð af pólitískum fulltrúum og embættismönnum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar síðla árs árið 2020. Tillögur starfshópsins voru byggðar á niðurstöðum könnunar á upplifun og reynslu þátttakenda og starfsfólks endurhæfingarúrræðanna sem heyrðu undir velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Meðal þess sem kom fram í könnuninni var að bæði starfsmenn og þátttakendur vildu hafa endurhæfingarúrræðin undir sama hatti, fjölbreyttara námskeiðaframbod auk þess að bjóða upp á stök námskeið, og að það stæðu til boða námskeið á öðrum tungumálum en íslensku. Tillaga starfshópsins var samþykkt og varð Virknihús formlega til 1. júní 2021. Nú starfar 21 starfsmaður í Virknihúsi. Þau endurhæfingarúrræði sem heyra undir Virknihús eru:

- Atvinnu- og virknimiðlun,
- Bataskóli Íslands,
- Grettistak,
- IPS (Individual Placement and Support) atvinnuráðgjöf,
- Kvennasmiðjan, og
- Tinna.

Auk þess heyra tvö áfangameimili sem rekin eru af Reykjavíkurborg undir Virknihús. Hér er um að ræða áfangameimilið Brautina, sem er fyrir ellefu karlmenn, og áfangameimilið Njálsgötu 65, sem er fyrir þrettán konur. Skilyrði fyrir búsetu fólks á þessum áfangameimilum er að það sé virkt í einhverju af endurhæfingarúrræðunum í Virknihúsi og hafi átt við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða.

Atvinnu- og virknimiðlun er úrræði þar sem unnið er að því að efla, hvetja, fræða og styðja fólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu við atvinnuleit. Atvinnu- og virknimiðlun veitir einstaklingsráðgjöf þar sem farið er yfir ferilskrá, einstaklingurinn undirbúinn fyrir atvinnuviðtal og honum veitt aðstoð í atvinnuleit. Atvinnu- og virknimiðlun stendur einnig fyrir námskeiðum sem eiga að efla einstaklinga við atvinnuleit og styrkja þá persónulega.



Starfsmenn Virknihúss

Bataskóli Íslands er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Geðhjálp, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Fólk eldra en 18 ára sem glímur við geðrænar áskoranir getur sótt námskeið í skólanum, einnig aðstandendur og starfsfólk á heilbrigðis- og velferðarsviði. Fjölbreytt námskeið eru í boði sem skipulögð eru í samvinnu sérfræðinga og fólks með reynslu af geðrænum áskorunum. Bataskóli Íslands starfar eftir batamiðaðri hugmyndafræði.

Grettistak er fyrir fólk sem hefur glímt við langvarandi áfengis- og/eða vímuefnavanda og hefur fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu. Markmiðið með Grettistaki er að styðja fólk til sjálfshjálp með þátttöku þar sem er áhersla er á bata, sjálfsstyrkingu, aukna félagslega færni og almenna virkni í samfélaginu. Enn fremur er unnið að því að auka möguleika fólks á endurkomu á vinnumarkað og/eða í nám.

IPS (Individual Placement and Support) atvinnuráðgjöf er gagnreynd aðferð í starfsendurhæfingu fólks með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Markmiðið er að bæta stöðu fólks með því að aðstoða þau sem hafa áhuga

á að starfa á almennum vinnumarkaði við að komast í samkeppnishæf störf. Boðið er upp á markvissa aðstoð við atvinnuleit og stuðning þegar í starf er komið. IPS atvinnuráðgjöf leggur áherslu á einstaklingsmiðaða nálgun í störfum sínum sem felur í sér viðtöl, ráðgjöf og eftirfylgni.

Kvennasmiðjan býður upp á endurhæfingu fyrir mæður á aldrinum 24–45 ára sem eiga við langvarandi félagslegan vanda að stríða og hafa verið með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Markmiðið með úrræðinu er að bæta lífsgæði og styðja mæðurnar til frekara náms og/eða í atvinnu. Áhersla er á sjálfsstyrkingu, aukna félagslega færni og almenna virkni og þátttöku í samfélaginu. Boðið er upp á bóklegt og verklegt nám auk aðstoðar við atvinnuleit.

Tinna er endurhæfingarúrræði fyrir einstæða foreldra á aldrinum 18–34 ára sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu, endurhæfingarlífeyri eða örorku. Markmiðið með Tinna er að efla og styrkja foreldra í uppeldislutverki sínu og stuðla að auknum lífsgæðum fjölskyldunnar. Unnið er á grundvelli einstaklingsáætlunar með það að markmiði að efla virkni og þátttöku í eigin lífi og auka möguleika foreldra á því að halda áfram námi og/eða fá vinnu. Dagskráin samanstendur af einstaklingsviðtölum og hópstarfi eftir þörfum hvers og eins.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er með samning við Hugarafl sem sinnir einstaklingum með fjárhagsaðstoð



Virknihús móttaka

sem þurfa á endurhæfingu að halda vegna geðrænna áskorana. Samningurinn tekur til einstaklingsmiðaðrar þjónustu fyrir allt að tuttugu manns á hverjum tíma.

Í Virknihúsi getur fólk farið margþættar leiðir í endurhæfingu í átt til aukinnar virkni og samfélagsþátttöku með áherslu á að hver og einn geti notið sín og fái endurhæfingu við hæfi. Starfsmenn hafa það að markmiði að valdefla fólk og þjálfa það í að nota eigin rödd, færni og tækifæri til vaxtar.



Þóra Kemp teymisstjóri vinstra megin fyrir miðju ásamt starfsfólki Virknihúss og nýráðnum sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkur, Rannveigu Einarsdóttur